

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. október 2009 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir suðurhluta Oddeyrar. Breytingin felur í sér að lóð Strandgötu 19B stækkar til austurs og verður 443,4 m<sup>2</sup> og lóð Lundargötu 1 minnkar og verður 311,9 m<sup>2</sup>. Ákvarðaðir eru byggingarreitir fyrir bílgeymslur að stærð 4,5x8 m á báðum lóðunum. Hámarkshæð er 3,5 m og fjarlægð frá lóðamörkum Strandgötu 19 eru 3 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 2. nóvember 2009,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. nóvember 2009